

Óhefðbundinn leshringsfundur Betadeildar haldinn á Icelandair hótelinu á Akureyri.

Þann 12. mars kl. 19:30 var haldinn óhefðbundinn leshringsfundur á Icelandair hótelinu á Akureyri og voru bækurnar „Í trúnaði” eftir Héléne Gremillon og „Mánasteinn” eftir Sjón ræddar. Mættar voru rúmlega 20 konur og meðan á umræðum stóð um þessar skemmtilegu og ólíku bækur gæddum við okkur á “High Tea” réttum sem Icelandair hótelið gerir svo vel og lauk fundinum um kl. 21:30.